



Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags í landi Minni
Vatnsleysu, Vatnsleysustrandar-
hreppi, Gullbringusýslu



Bjarni F. Einarsson
2001

Forsíðumyndin sýnir ræktunarsteina í túni Minni Vatnsleysu. Eins og sjá má er þeim hlaðið upp á vandaðan hátt, rétt eins og um húsakynni væri að ræða. Ekki er alveg hægt að útiloka þann möguleika að upprunalega hafi hús verið á staðnum og það svo kaffært í ræktunarsteinum. Eins geta steinarnir hafa verið í rústum í túninu. Sagt er að sjómenn hafi verið látnir stunda jarðarbætur í landlegum, kannski dunduðu þeir sér við hleðslur af þessu tagi og lagt eitthvað kapp í vinnuna. Ljósm. B.F.E.

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Júní 2001


Inngangur

Að beiðni Línuhönnunar hf. kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhugað byggingarsvæði í landi Minni Vatnsleysu í Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, vegna vinnu að deiliskipulagi á svæðinu. Allt svæðið sem afmarkað er á mynd 1 var kannað á vettvangi, en að öðru leyti var annað land býlisins ekki kannað frekar.

Farið var í gegn um nokkrar heimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Örnefnaskrá, Íslenskt fornbréfasafn og Friðlýsingarskrá.

Vettvangsvinna fór fram dagana 1. – 6. júní síðastliðinn. Staðurinn (hið kannaða svæði) fékk eitt aðalnúmer og einstakar fornleifar eitt undirnúmer.

Skipuleggjendur svæðisins og verkkaupi er Línuhönnun hf.



Mynd 1. Loftmynd af hinu kannaða svæði með staðsetningu fornleifa. Ljós. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar minjar eldri en 100 ára friðaðar (9. gr.) og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (11. gr.). Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.



Mynd 2. Túngarðurinn (fornleifar nr. 1) um Minni Vatnsleysu er býsna vel hlaðinn á köflum. Ljós. BFE.

Samtals fundust 27 fornleifar undir 23 númerum á hinu kannaða svæði. Sérstaklega er tekið fram að gamla bæjarstæði Minni Vatnsleysu var ekki skráð og sama á við um brunn sem þar var hjá. Eins voru haugar með ræktunarsteinum ekki skráðir sérstaklega. Þessir staðir eru merktir inn á mynd 1.

Eyrin, sem gengur til austurs, austur af bænum, hefur sokkið talsvert á síðustu öldum og gengur sjór yfir hana í dag. Þar voru mannvirki talin hafa staðið áður fyrr. Þessara mannvirkja varð ekki vart við vettvangsvinnu nú, enda ekki hægt að ganga hana þurrum fótum. Hún liggur að auki utan við svæði það sem deiliskipulagið nær yfir. Líklega eru minjar í sjónum á þessum slóðum og þeirra verður að gæta verði einhverntíman hugað að framkvæmdum þarna. Efnistöku vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda ætti t.d. ekki að stunda á þessum stað.

Minni Vatnsleysu er fyrst getið í fógetareikningum yfir árin 1547 – 1548. Þar segir frá hlunnindum Viðeyjarklausturs (Ísl. fornbréfasafn 1923:114). Hefur þá jörðinni Vatnsleysu verið búið að skipta, en Vatnsleysu, eða Vatnlausu, er getið í Landnámu. Þar segir:

Svartkell hét maðr; hann fór af Englandi til Íslands ok nam land fyrir innan Mýrdalsá ok millim Eilífsdalsár ok bjó at Kiðjafelli fyrst en síðan á Eyri. Hans son var Þorkell, faðir Glúms, þess er gamall tók kristni; hann baðsk svá fyrir at krossi; „Gott æ gömlum mönnum, gott æ ærum mönnum.“ Hans son var Þórarinn, faðir Glúms á Vatnlausu.“ (Íslendingabók – Landnáma 1968:57 og 76)

Af þessum 27 minjum telst einn hafa hátt minjagildi, átján talsvert minjagildi, sjö lítið minjagildi og einar ekkert minjagildi. Minjarnar í heild sinni hafa talsvert minjagildi, en vegna þess hve gamla bæjarstæðið er illa farið verður það ekki sett í hæsta flokk að sinni. Þó ber að benda á að

Minni Vatnsleysu er getið fyrir 1550 og sé eitthvað eftir af svo gömlum fornleifum undir grassverðinum ber að setja minjarnar í hæsta flokk. Þurfi að gera rask á gamla bæjarstæðinu þarf fornleifafræðingur að vera á vettvangi. Komi í ljós að fornleifar nr. 23 séu sjóbúð (búðir) og fiskbyrgi ber að færa þær upp í hæsta minjaflokk.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Fríðlýst	Áaðmerkja?
1:1-23	Bæjarstæði	27	Bygginar	Lítill	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:1	Túngarður	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:2	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:3	Rúst	1	Brim	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:4	Fiskreiturogbyrgi	2	Brim	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:5	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1900 -	Lítið	Nei	Nei
1:6	Eyðibýli	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
1:7	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:8	Gerði	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:9	Rúst?	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
1:10	Rúst	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:11	Garður	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1900-	Lítið	Nei	Nei
1:12	Rúst (eyðibýli?)	2	Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:13	Rúst	1	Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:14	Rúst og garður	2	Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:15	Garður	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:16	Gata	1	Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
1:17	Vatnsból	1	Brim	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Já
1:18	Vör	1	Brim	-	-	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
1:19	Vör	1	Brim	-	-	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
1:20	Vör	1	Brim	-	-	1550-1900	Hátt	Nei	Já
1:21	Rúst	1	Brim	Lítill	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
1:22	Gata	1	Ábúð	Lítill	Sæm.	1900-	Ekkert	Nei	Nei
1:23	Rúst og byrgi?	2	Brim	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar.

Í ágætu ástandi voru 11 fornleifar, í sæmilegu þrjár fornleifar og 10 fornleifar voru í lélegu ástandi. Þrjár fornleifar voru ekki metnar í þessu sambandi (varirnar). Túngarðurinn er ekki í hættu að mestu leyti, en þar sem hann er næst sjónum er hættan mikil vegna brims. Í fornleifaskrá er hættan talin engin.

Í hættu vegna brims voru 10 fornleifar, vegna ábúðar sjö og í engri hættu voru 10 fornleifar. Þær sem taldar voru í hættu



Mynd 3. Vatnsbólilið Fúli (fornleifar nr. 17). Nafnið segir ýmislegt um gæði vatnsins. Ljós. BFE.

vegna ábúðar eru viðkvæmar og illa farnar fornleifar sem trúlega eru leifar af býlinu Króki.

Þess ber að geta að hættumatið og hættan getur breyst ef byggingar eru áformaðar í næsta nágrenni fornleifanna, en vegna þess að staðsetning slíkra mannvirkja er ekki ákveðin enn, er ekki lagt mat á þá hættu sem þau geta valdið. Hvergi eru skráðar fornleifar sem taldar eru eldri en 1550. Þó hefur áður komið fram að Minni Vatnsleysu er getið í fógetareikningum frá 1547 – 1548 og því eru einhverjar líkur á að svo gamlar, og eldri, minjar geti fundist við gamla bæjarstæðið. Eins gætu svo gamlar minjar fundist undir yngri skráðum minjum.

Þrjár minjar eru taldar yngri en 1900 og njóta því ekki friðunnar þjóðminjalaga.

Engar fornleifar á svæðinu þykir ástæða til að friðlýsa að svo stöddu. Komi hins vegar í ljós að fornleifar nr. 23 séu þurrabúð(búðir) og fiskbyrgi og jafn fornar og ýjað er að hér að ofan gæti friðlýsing átt rétt á sér. Ástæða er til að íhuga merkingu á fornleifum nr. 17, vatnsbólinu Fúla. Hreinsa þyrfti upp úr því drasl sem nýlega hefur verið sett ofan í bólið.

Niðurstæða

Alls fundust 27 fornleifar undir 23 númerum á svæði því sem deiliskipulagið nær yfir sbr. mynd 1. Miklu máli skiptir hvar byggingum verður fyrir komið svo að fornleifar séu ekki í uppnámi. Sama á við um vegi og uppkast úr væntanlegum húsgrunnum.

Leita þarf álits forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins¹ varðandi sambýli fornleifa við mannabústaðina.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Væntanlega vegi, götur eða stíga ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Merkilegustu fornleifarnar eru að mati undirritaðs, auk hins gamla bæjarstæðis Minni Vatnsleysu, vatnsbólið Fúli (nr. 17) og rústir nr. 23, sem gætu verið leifar af sjóbúð(búðum). Vatnsbólið er dæmigert vatsból



Mynd 4. Vörin Skökk (fornleifar nr. 20). Forðum munu hús hafa staðið á Eyrinni sem þá var á þurru. Nú sjást aðeins sker úti fyrir. Ljós. BFE.

¹ Á meðan sú stofnun hefur ekki verið sett á laggirnar mun Menntamálaráðuneytið hafa umsjón með þessum málaflokki.

útræða þar sem hreint vatn var ekki til staðar og menn þurftu að láta sér lynda „saltað“ vatn. Slík vatnsból má t.d. finna á Gufuskálum á Snæfellsnesi, en þar er brunnurinn Írskrabrunnur.

Heimildir

- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Íslendingabók – Landnámabók. *Íslensk fornrit*. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1968.
- Íslenskt fornbréfasafn*. XII bindi. Reykjavík 1923.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1923 - 1924.
- Túnakort*. Þjóðskjalasafn.
- Þjóðminjalög* 20. maí 2001.
- Örnefnaskrá*. Stóra- og Minni Vatnsleysa. Jónas Þórðarson frá Stóru Vatnsleysu skráði 1981.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa		Minni Vatnsleysa		1-23

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	1-5/6 2001	-		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi						
Rústir			27						
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?		
Byggingar	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei		
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert							Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Við Minni Vatnsleysu, skammt frá sjó við Vatnsleysuvík. Í túni/haga.

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi.
Kaupmannahöfn 1923-1924.
Örnefnaskrá. Stóra- og Minni - Vatnsleysa. Jónas Þórðarson frá Stóru-Vatnsleysu skráði 1981.
Örnefnastofnun.

Lýsing

Rústir.

Rústirnar eru dreifðar um bæjarstæði Minni Vatnsleysu (að mestu innan túngarðs). Sjálfst bæjarstæðið er trúlega að mestu horfið vegna seinni tíma byggingaframkvæmda.

Skv. eldri heimildum var tvíbýli á Minni Vatnsleysu (Jarðabók 1923-1924:149). Þar segir m.a.:

„Vatnsból er bæði ilt og erfitt. ... Tómtús hefur heima við bæinn stundum verið bygt, stundum óbyggt, nú að síðustu fjögur [1703] ár í eyði legið...“ (Sama bls. 151).


Hvar þessi kóngsbúð stóð er ekki vitað og sama á við um tómtúsið. Trúlega hefur þó Kóngsbúðin staðið nálægt hinni fornu vör Skökk (fornleifar nr. 20), skammt norður af fornleifum nr. 4. Hugsanlega eru fornleifar nr. 23 leifar búðarinnar, en ekkert verður sagt um það með vissu.

Vatnsbólið stóð skammt fyrir neðan (NA) gamla bæjarstæðið (sjá efri mynd). Hefur það verið fyllt og sléttað yfir af núverandi ábúendum.

Á efri myndinni má sjá hvar hús stóðu 1919.

Neðri myndin er tekin um 1950?

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er talin lítill að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri fornleifum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi rústanna þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppi	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa		Þrældómur		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	1/6 2001	N 64°01.14 W 022°13.25		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Túngarður			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Utan um bæjarstæði Minni Vatnsleysu, yfir móa og tún.

Heimildir og munnmæli

Steinunn Kristjánsdóttir. *Túngarður við Minni Vantsleysu í Vatnsleysustrandarhreppi*. Handrit. Reykjavík 2001.
Örnefnaskrá. Stóra- og Minni - Vatnsleysa. Jónas Þórðarson frá Stóru-Vatnsleysu skráði 1981. Örnefnastofnun.

Lýsing

Túngarður.

Á ca. 250 x 300 m stóru svæði (N - S). Garðurinn er gerður úr grjóti 1 - 3 m breiður og 0,4 - 1 m hár. Viða sjást garðlög og grjótið er mjög stórt á köflum. Garðurinn er nokkuð heill, nema við sjóinn. Þar er garðurinn rofinn á köflum og laskaður af sjávargangi, en þar er hættan talin mikil vegna brims. Við SV - hornið heldur garðurinn áfram í átt að Stóru Vatnsleysu og sama á við SA - hornið. Eiga því býlin sameiginlegan garð sem skilur að tún bæjanna. Nafnið Þrældómur á fyrst og fremst við um þennan milligarð. Nafnið er til komið þannig að sjómenn voru látnir hlaða garðinn og stunda jarðarbætur í landlegum (Örnefnaskrá). Garðurinn er breiðastur og mestur á þessum millikafla. Tvö hlið eða skörð eru á garðinum vestanverðum, og á suðurhliðinni (milligarðinum) var hlið þar sem gatan lá á milli bæjanna, en nú búið að fylla í það með grjóti. Fimm rústir eru áfastar eða undir garðinum (fornleifar nr. 2 - 4 og 21 - 22).

Nálægt rúst 12) er garðstubbur sem gengur til vesturs út úr túngarðinum. Hann hlýtur að hafa tilheyrt eyðibýlinu Króki! (Fornleifar 12-14).

Túngarðurinn var rannsakaður sumarið 2001 (Steinunn Kristjánsdóttir 2001).

Athugasemdir

Hættan er ekki talin nokkur varðandi stærri hluta túngarðsins að svo stöddu (sjá loftmynd í skýrslu. Ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri garðinum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi hans þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa				2

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	1/6 2001	N 64°01.10 W 022°13.28		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Við austurhlíð túngarðs, að innaverðu. Í túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

6 x 9 m (A - V).


Veggir úr grjóti, 1,5 - 2 m breiðir og 0,3 - 0,7 m háir.

Tvö hólfi eru á rústinni (hólf A og B). Dyr eru á hólfi A mót austri. Garðlög eru greinileg í innanverðu hólfi A. Hólf B er mun veigaminna og hugsanlega eldra (fallið úr notkun fyrr?).

Rústin liggur undir túngarðinum og er því eldri en hann.

Rústin er vel gróin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er ekki talin nokkur að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri rústinni mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa				3

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	1/6 2001	N 64°00.97 W 022°13.08		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Brim	Mikil	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Áfast vesturhlið túngarðs, aðalega að utanverðu. Í túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing


Rúst.

5 x 7 m (A - V).

Veggir úr grjóti, 1,5 - 2 m breiðir og 0,2 - 1,5 m háir. Dyr snúa mót V.

Garðlög greinileg í utanverðum austurgafli, en þar er veggurinn mun hærri en annarstaðar í rústinni.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er talin lítil að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri rústinni mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa				4

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	1/6 2001	N 64°03.10 W 022°13.01		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Fiskreitir og fiskbyrgi(?)			2				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Brim	Mikil	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Á klettasnös við sjóinn.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Fiskreitir og fiskbyrgi(?).

Ca. 10 x 11 m (A - V).


Misstóru grjóti hefur verið raðað niður til að mynda sléttan flöt. Utan um þennan flöt má sjá hlaðinn kannt (ein röð á hæðina).

Túngarðurinn hefur sennilega tengst reitnum bæði að sunnan og norðan.

Ca. 2 m vestur af reitnum norðvestanverðum, er grjóthruga sem líklega eru leifar af fiskbirgi.

Reiturinn er gróinn grasi að vestanverðu og virðist hann ætla að gróa upp innan skamms.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er talin lítil að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri reitnum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi hans þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa				5

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	1/6 2001	N 64°01.24 W 022°13.06		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 50 m vestur af ströndinni. Í túni.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Stóra- og Minni - Vatnsleysa. Jónas Þórðarson frá Stóru-Vatnsleysu skráði 1981. Örnefnastofnun.

Lýsing

Rúst.

5 x 6,5 m (A - V).

Veggir úr grjóti og steypu, 1 - 1,2 m breiðir og 1 - 1,5 m háir.

Op snýr mót A, en þar er einföld steinaröð sem afmarkar rústina (undan þili?).

Talsvert er af grjóti í gólfi.

Rústin er mjög vel hlaðin og heil.

6 m S af rúst 5) er rúst 6). Báðar rústirnar eru leifar af býlinu Miðengi.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Minjarnar eru ekki eldri en 100 ára og njóta því ekki verndunar þjóðminjalaga.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa		Miðengi		6

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	4/6 2001	N 64°01.20 W 022°13.06		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Eyðibýli			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 50 m vestur af ströndinni og ca. 6 m suður af rúst 5). Í túni.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Stóra- og Minni - Vatnsleysa. Jónas Þórðarson frá Stóru-Vatnsleysu skráði 1981. Örnefnastofnun.

Lýsing

Eyðibýli.

8,5 x 9 m (A - V).


Veggir úr grjóti og steypu, 1 m breiðir og 0,2 - 0,5 m háir. Við vestur horn eru leifar af steypum tröppum og bís lagi.

Á suðurvegg eru kjallaradyr. Gólf er niðurgrafið (kjallari).

Sjálft húsið stóð á upphækkun (sbr. teikningu) úr grjóti. Er hún vel gróinn.

Leifar af steypum strompi og bárujárnsplata eru ofan í rústinni. Talsvert er af grjóti á gólfi.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd

Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er ekki talin nokkur að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri minjunum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
<i>Landareign</i>	<i>Mí:Nr</i>	<i>Heiti</i>	<i>Undirnr.</i>	
Minni Vatnsleysa			7	

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	4/6 2001	N 64°01.18 W 022°13.14		-	<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>
Rúst			1
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900
<i>Í eyði</i>	<i>Timab. hættumat</i>	<i>Timab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
-			Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>
Talsvert			
<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 100 m V af sjónum og ca. 25 m NV af hliði í túngarðinum. Í túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

5,5 x 15 m (A - V).

Veggir úr grjóti, 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir. Dyr snúa mót A og mikið af grjóti í þeim og utan við þær. Kampsteinar stórir.

Grjót er á gólfi.

Vestan við (á bak við) rústina eru ummerki um heystæði. Rústin er vel gróin mosa og grasi. Hugsanelga eru eldri leifar undir rústinni.

1 m N af 7) eru fornleifar 8).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er ekki talin nokkur að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri rústunum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa				8

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	4/6 2001	N 64°01.18 W 022°13.13		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Gerði								1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert					Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 1 m N af rúst 7). Í túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði.

9,5 x 12 m (A - V).

Veggir úr grjóti, 1 - 2 m breiðir og 0,3 - 0,7 m háir.

Dyr ekki greinanlegar en voru trúlega mót A.


Grjótið í veggjum er misstórt og sumt mjög stórt.

Við NV horn gerðisins er grjóthrúga (ræktunarsteinar).

Botn gerðisins er vel gróin.

Rétt?

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er ekki talin nokkur að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri gerðinu mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þess þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa				9

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	4/6 2001	N 64°01.21 W 022°13.29		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst?			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 35 m A af malarvegi (heimreið) og ca. 35 m V af túngarði. Í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst?

Ca. 5 x 8 m (N - S).

Úr grjóti (smáu), 0,1 - 0,3 m há. Ekkert form er greinanlegt annað en nokkrar skálar í hrúgunni, sérstaklega í suðurhluta. Hugsanlega er smágrýtið (ræktunarsteinar) ofan á rúst, en nokkuð stærra grjót er undir smágrýtinu. Gæti þetta verið fiskbyrgi?

Ca. 6 m vestur af rústinni? er önnur minni grjóthrúga (ræktunarsteinar).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er ekki talin nokkur að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri rústinni mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa				10

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	4/6 2001	N 64°01.25 W 022°13.21		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 2 - 3 m A af túngarði og ca. 10 m V af svínabúi.
Í túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

Ca. 8 x 11 m (NNV - SSA).

Rústin er stór sléttuð bunga, ca. 0,4 - 0,6 m há.

Ekkert eiginlegt form er á rústinni annað en dæld fyrir miðju, sem bendir til þess að þarna leynist rúst.

Bungan er vel gróin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er ekki talin nokkur að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri rústinni mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	
Minni Vatnsleysa			11	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	4/6 2001	N 64°01.24 W 022°13.27		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Garður			1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Ekkert	Engin	Lélegt	1900-
Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Lítið			
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 2 m V við lítinn skúr og ca. 40 m V af túngarði. Í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.

Úr grjóti, 55 m langur (N - S), 1 - 2 m breiður og 0,1 - 0,8 m hár. Garðurinn er rofinn við berghól, en hóllinn gegnir þar hlutverki garðsins. Þar er járnhæll rekinn niður í klöppina.

Við báða enda garðsins eru grjóthrúgur (ræktunarsteinar).

Ca. 3 m SA af garðinum er grjóthrúga (ræktunarsteinar).

Garðurinn virðist ekki gamall eins og hann lítur nú út. Skv. staðkunnugum var þarna kartöflugarður á síðustu öld.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Minjarnar eru ekki eldri en 100 ára og njóta því ekki verndunar þjóðminjalaga.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppur	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa		Krókur?		12

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	4/6 2001	N 64°01.17 W 022°13.23		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Rúst (eyðibýli?)								2
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Friðlýsa?	Friðlýst?
Talsvert							Nei	Nei
								Hvenær
								-

Lega og staðhættir

Ca. 4 m A af túngarði. Á lágum hól í túni.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Stóra- og Minni - Vatnsleysa. Jónas Þórðarson frá Stóru-Vatnsleysu skráði 1981. Örnefnastofnun.

Lýsing

Rúst (eyðibýli?).

Af rústinni er aðeins eftir einn veggur, 6 m langur, 1 - 1,5 m breiður og 0,2 - 1,1 m hár.

Garðlög eru greinileg að utanverðu, en þar er veggurinn afar tilkomumikill á kafla.

Afar líklegt er að hér séu komnar leifar af eyðibýlinu Krók. Rústin er vel gróin.

Ca. 12 m SV af rústinni/veggnum er garðstubbur eða veggur sem gengur út úr túngarðinum til austurs. Hann gæti einnig hafa þjónað Króki á einhvern hátt.

Ca. 4 m A af rústinni/veggnum eru ræktunarsteinar.

Í kring um meint bæjarhús að sunnanverðu eru ummerki sem benda til þess að mannvistarleifar séu að finna undir grasrótinni! Fornleifar 13 - 14 hafa trúlega tilheyrt Króki.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er talin lítil að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri rústinni mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa		Krókur?		13

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	4/6 2001	N 64°01.15 W 022°13.23		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 20 m NV frá SV horni túngarðsins. Á lágu hól í túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.


Ca. 5 x 7 m (NV - SA).

Veggir úr grjóti, ca. 1 - 1,5 m breiðir og 0,1 - 0,4 m háir.

Rústin er talsvert löskuð vegna sléttunar. Við NV - horn hennar er hleðslugrjót. Dyr hafa trúlega snúið mót NV. Rústin er vel gróin.

5 m SV af rústinni er grasi gróin bunga sem vel gæti geymt rúst.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er talin lítil að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri rústinni mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi hennar þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppi	2506		1
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa		Krókur?		14

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	4/6 2001	N 64°01.17 W 022°13.19		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Rúst og garður								2
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Fríðlýsa?	Fríðlýst?
Talsvert							Nei	Nei
							Hvenær	-

Lega og staðhættir

Vestan undir klettabelti. Í túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst og garður.

1) Rúst.

Ca. 6 x 14 m (NNA - SSV). Veggir úr grjóti. Nánara form ekki greinanlegt, en hæst er rústin 1 m. Einstaka hleðslugrjót er við kanta rústarinnar. Rústin er vel gróin. Við NA horn - hennar er grjóthrúga (ræktunarsteinar með grjóti úr túni og rúst?).

Úr suðurenda rústarinnar gengur garður:

2) Garður.

Úr grjóti, 34 m langur, ca. 1,5 m breiður og 0,1 - 0,3 m hár. Liggur garðurinn eftir klettabelti að túngarðinum utan um Minni Vatnsleysu (fornleifar 1) og sameinast honum. Garðurinn er vel gróinn og ógreinilegur.

Efri mynd sýnir rústina, sú neðri garðinn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er talin lítill að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri fornleifunum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa				15

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5/6 2001	N 64°01.31 W 022°13.26		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 3 m N af malarvegi (heimreið að Minni Vatnsleysu) og ca. 25 m NNV af hliði við bæinn. Í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.

Úr grjóti, 1 - 2 m breiður og 0,4 - 1,4 m hár. Ca. 50 m frá suðurenda beygir garðurinn til austlægrar áttar og heldur áfram um 32 m, en þá beygir hann aftur til norðurs og heldur að ströndinni. Þar beygir hann aftur til austurs og liggur dágóðan spöl eftir ströndinni.

Garðlög eru víða greinileg og sumstaðar mjög greinileg og heilleg (upprunaleg).

Suður endi garðsins er mun verr farinn og þar er meira um stórgrýti sem kastað hefur verið upp í garðinn.

GPS mælt við suður enda.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er tekki talin nokkur að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri fornleifunum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa				16

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5/6 2001	N 64°01.16 W 022°13.09		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Gatan lá á milli Minni- og Stóru Vatnsleysu. Liggur í gegn um túngarð (áður hlið) á milli jarðanna og í átt að svínabúinu. Í túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gata.

Ca. 80 - 90 m löng (N -S) í túni Minni Vatnsleysu. Gatan sést afar illa. Eftir henni virðis hafa legið garður. Sjálf gatan er ekki breiðari en 1 - 2 m og dýptin 0,1 m. Sennilega er búið að sletta yfir hana að mestu.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er talin lítil að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri fornleifunum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf hugsanlega einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	
Minni Vatnsleysa		Fúli	17	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5/6 2001	N 64°01.21 W 022°13.00		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Vatnsból								1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?	
Brim	Lítill	Ágætt	1550-1900	-			Já	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Friðlýsa?	Friðlýst?
Talsvert							Nei	Nei
							Hvenær	-

Lega og staðhættir

Ca. 10 m V af sjávarkambi og 2 m V af girðingu. Í lægð í túni/haga.

Heimildir og munnmæli

Lýsing


Vatnsból.

4,5 x 5,5 m (NNA - SSV).

Utan um vatnsbólið er veggur úr grjóti, ca. 1 m breiður og 0,2 - 0,3 m hár. Er hann vel gróinn. Garðlög sjást að innanverðu. Bólið er fullt af smáu lábarðu grjóti sem kastað hefur verið ofan í það í seinni tíð. Þar er einnig að finna gaddavír, spýtnabrák og bárujárn.

Vatnsbólið er sennilega eldra en 1900 og hefur verið nytjað frá Miðengi.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er talin lítil að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri minjunum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppur	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa		Miðengisvör		18

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5/6 2001	N 64°01.22 W 022°12.98		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Vör			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Brim	-	-	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Niður undan rústum Miðengis, við dálitla vík eða vik.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Stóra- og Minni - Vatnsleysa. Jónas Þórðarson frá Stóru-Vatnsleysu skráði 1981. Örnefnastofnun.

Lýsing

Vör.

Vörin er afar grýtt og er greinilegt að grjót hefur komið með briminu eftir að vörin hefur lagst af. Þetta hlýtur að hafa verið viðvarandi vandamál á sínum tíma. Grjótið er þó ekki svo stórt að ekki sé hægt að bera það burt. Engin mannvirki eru í vörinni sjálfri.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er ekki metin að svo stöddu (náttúran hefur þó sinn gang og ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri fornleifunum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska henni og fylgja þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa		Minni Vatnsleysuvör?		19

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5/6 2001	N 64°01.29 W 022°13.01		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Vör			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Brim	-	-	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Niður undan svínabúinu í dálitilli vík eða viki.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Stóra- og Minni - Vatnsleysa. Jónas Þórðarson frá Stóru-Vatnsleysu skráði 1981. Örnefnastofnun.

Lýsing

Vör.

Vörin er nokkuð þröng á milli kletta og grýtt. Bratt er niður að henni. Engin mannvirki sjáanleg í sjálfri vörinni.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er ekki metin að svo stöddu (náttúran hefur þó sinn gang og ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri fornleifunum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska henni og fylgja þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppi	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa		Skökk		20

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5/6 2001	N 64°01.29 W 022°13.00		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Vör			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Brim	-	-	1550-1900	-			Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Hátt				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Sunnan við Eyrina eða í krikanum á milli hennar og strandarinnar. Við dálitla vík eða vik.

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi.

Kaupmannahöfn 1923-1924.

Örnefnaskrá. Stóra- og Minni - Vatnsleysa. Jónas

Þórðarson frá Stóru-Vatnsleysu skráði 1981.

Örnefnastofnun.

Lýsing

Vör.

Í vörinni er talsvert af smáu grjóti. Engin mannvirki sjást þar nú, en í Örnefnalýsingur er vörinni og Eyrinni norður af henni lýst á eftirfarandi hátt: „Eyrin hefur fyrr á árum verið athafnasvæði fyrir útgerð. Á há-Eyrinni var fiskreitur eða stakkstæði. Þar voru sjóhús. Sunnan á eyrinni er gömul vör eða uppsátur sem heitir Skökk. Öll ummerki eru nú horfin, nema finna má enn, hvar fiskreitur hefur verið. Sjór gengur nú yfir á flestum flóðum.“ Engar leifar finnast nú um þessi mannvirki sem nefnd eru í lýsingunni, nema ef vera kynni að sjávarmeginn við túngarðinn sem liggur við sjávarkambinn, séu leifar af fiskreit. Á sjálfri eyrinni sést nú ekkert.

Í Jarðabók segir m.a. svo frá athöfnum við sjóinn: „Heimræði er árið um kring og landing í betra lagi og ganga skip ábúenda eftir hentugleikum. Kóngsskip hafa hjer til forna gengið ekki stærri en fjöggra manna för og ekki minna en tveggja manna far, sjaldan fleiri en eitt, einu sinni þrjú það menn til vita. Þar voru verbúðir öngvar og eru heldur en nú ekki, og hýsa ábúendur skipshöfnina, hvort sem eru

Athugasemdir

Hættan er ekki metin að svo stöddu (náttúran hefur þó sinn gang og ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri fornleifunum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska henni og fylgja þeim skilmálum sem embættið setur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa				21

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5/6 2001	N 64°01.30 W 022°13.02		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Brim	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

NV við vör (nr. 20). Í og innan við sjávar kamb. Að hluta til í túni/haga.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

4 x 6 m (ASA - VNV).

Trúlega eru minjarnar leifar af fíksreit sem hlaðinn hefur verið upp til að mynda sæmilega sléttan flöt (eins og fornleifar nr. 4). Er hæðin 0,1 - 0,6 m.

Einnig kemur til greina að minjarnar séu undirstaða timburhúss.

Rústin er vel gróin.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Hættan er talin lítil að svo stöddu (ekki ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri fornleifunum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Minni Vatnsleysa				22

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	5/6 2001	N 64°01.31 W 022°13.02		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata			1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Sæmilegt	1900-	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Ekkert				Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Gatan liggur niður brekkuna frá svínabúinu, í átt að vörinni Skökk (nr. 20). Í haga/mýri.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gata.

Gatan er ca. 40 m löng, 4 - 5 m breið og 0,1 - 0,6 m há. Hún er að mestu leyti upp hlaðin úr grjóti. Hún er vel gróin.

Gatan var lögð eftir að haugur myndaðist sunnan við hana.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Gatan nýtur ekki verndar þjóðminjalaga.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Gullbringusýsla	Vatnsleysustrandarhreppu	2506		1
<i>Landareign</i>	<i>Mí:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Minni Vatnsleysa				23

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	5/6 2001	N 64°01.36 W 022°12.97		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi	
Rúst og fiskbyrgi(?)							2	
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Brim	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2			Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert						Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Á sjávarhömrum norðan við Eyrina. Yfir rústina liggur girðing. Í haga.

Heimildir og munnmæli

Circumstance	Percentage of respondents (%)
(a) self-defense	95
(b) defense of others	85
(c) defense of property	80
(d) defense of a business	75
(e) defense of a country	65

Lýsing

Rúst og fiskbyrgi(?).

1) *Rúst.*

Rústin er ca. 13 x 15 m (A - V) og ca. 0,2 - 0,4 m há. Hún er afar ógreinileg í forminu, en hleðslugrjót sést á stöku stað við kantinn. Þrjú hólf gætu verið á rústinni og hola eða dæld er á henni sunnanverðri. Hún er vel gróin.

1 m NV af rústinni er önnur mun minni rúst eða rústabrot sem gæti verið fiskbyrgi.

2) *Fiskbyrgi(?)*.

Er rústin 2,5 x 5 m (A - V). Veggir úr grjóti, ca. 0,5 - 1 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir. Grjótið liggur í einfaldri röð.

Fleiri rústir gætu leynst í námundan við þessar rústir.

Gæti hér verið Kónsbúðin sem getið er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sbr. lýsingu á aðalblaði (1:1-23)?

Athugasemdir

Hættan er talin mikil vegna brims (ekki er heldur ljóst hvar byggingar muni rísa), en ef farið verður of nærri fornleifunum mun hættumatið breytast. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf einhverjar rannsóknir með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið setur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L